

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs, hefur verið ákveðið að banna vinstri beygju af Skúlagötu inn á Ingólfsstræti (til suðurs).

Ákvörðun þessi tekur gildi 27. apríl 1987.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 14. apríl 1987.

Böðvar Bragason.

8. apríl 1987

Nr. 174

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið, að bifreiðastöður skuli bannaðar á 9 metra breiðum stíg sunnan Skipagötu 14.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 8. apríl 1987.

Elías I. Elíasson.

14. apríl 1987

Nr. 175

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð Hitaveitu Eyra, nr. 559, 1. október 1981,
er öðlist gildi 1. maí 1987.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

„Kvöð um tengingu við hitaveitu og notkun.

Þeim sem húseign á við götu eða veg innan veitusvæðis hitaveitunnar þar sem vatnsað hitaveitu liggur er skylt að tengja og nota hitaveitu á hitunarkerfi og lagnir fyrir heitt kranavatn. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Á öllum húskerfum tengdum hitaveitu skulu vera einstreymislokar og öryggisbúnaður samkv. fyrirmælum hitaveitu.“

Iðnaðarráðuneytið, 14. apríl 1987.

Þorsteinn Pálsson.

Páll Flygenring.